

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 905/2009

2021/EES/43/24

frá 28. september 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 537/2007 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir gerjunarafurð  
*Aspergillus oryzae* (NRRL 458) (Amaferm)

(Texti sem varðar EES) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Trouw Nutrition BV hefur lagt fram umsókn, skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, þar sem lögð er til breyting á nafni handhafa leyfisins að því er varðar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 537/2007 frá 15. maí 2007 um leyfi fyrir gerjunarafurð *Aspergillus oryzae* NRRL 458 (Amaferm) <sup>(2)</sup> sem aukefni í fóðri fyrir mjólkurkýr. Leyfið er bundið handhafa þess. Handhafi er Trouw Nutrition BV.
- 2) Umsækjandinn fullyrðir að hann hafi framselt markaðsleyfið fyrir aukefnið til Biozyme Incorporated, sem á nú markaðssetningarréttinn fyrir þetta aukefni. Umsækjandinn hefur lagt fram viðeigandi skjöl því til stuðnings.
- 3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfanna er eingöngu stjórnábyrgð eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

- 4) Til að gera Biozyme Incorporated kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfanna.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 537/2007 til samræmis við það.
- 6) Rétt er að kveða á um aðlögunartímabil svo hægt sé að nýta fyrirbyggjandi birgðir.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 2. dálki færslunnar í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 537/2007 komi „Biozyme Incorporated“ í stað „Trouw Nutrition BV“.

2. gr.

Fyrirliggjandi birgðir sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistöku þessarar reglugerðar má markaðssetja og nota til 1. apríl 2010.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 30. Hendar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 10.6.2010, bls. 15.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 128, 16.5.2007, bls. 13.